

Aðalfundur Foreldrafélags Sandgerðisskóla

Fundarefni:	Aðalfundur
Staðsetning	Sandgerðisskóli, Skólastræti
Dagsetning:	29. janúar 2026
Fjöldi fundargesta:	6
Ritað af:	Ásu Lilju Rögnvaldsdóttur

Fundur settur kl. 19:40

Mál á dagskrá:

Skýrsla stjórnar:

Við erum stolt af því að hafa verið nokkuð virk og tekið þátt í ýmisskonar atburðum fyrir skólann og með skólanum. Stutt skólann við kaup á Podcast tækjum og Pool borði. Tekið þátt í rútukostnaði fyrir nemendur að fara á Skólahreysti. Tekið þátt í að greiða fyrir skemmtanir og fjárfestum einnig í miklu úrvali af spilum fyrir skólann. Héldum okkar árlega páskaþöndur og höfum einnig lagt til vinninga og verðlaun fyrir skólastarfið. Einnig höfum við setið og átt fulltrúa bæði á fundum hjá Skólaráði og Fræðsluráði Suðurnesjabæjar.

- Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Farið var yfir reikninga ársins og þeir samþykktir.

- Kosning formanns

Elsa Marta Ægisdóttir er kosin formaður, kosning samþykkt.

- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Elín Björg Gissurardóttir

Jóna Særún Sigurbjörnsdóttir

Kosning samþykkt.

- Kosning fulltrúa í foreldraráðið

Ása Lilja Rögnvaldsdóttir heldur sínu sæti sem varaformaður.

Dircelene Gomes heldur áfram sínu sæti sem gjaldkeri.

Arnar Geir Ásgeirsson er kosinn ritari

Halldór Jón Grétarsson er kosin meðstjórnandi
Kosning samþykkt.

- Önnur mál

Almennt rætt um bekkjarkvöld, lélega ásókn foreldra á fræðslu, fundi og fleira tengt skólastarfinu. Viljum endilega virkja foreldra meira.

Gjald í foreldrafélagið rætt. Teljum okkur hafa lagt fram rökstuddan grundvöll fyrir smávegis hækkun til þess að geta haldið áfram að styðja við skólastarfið eftir okkar bestu getu. Enda mikið orðið úr verki og vinnu á þessu ári og árinu þar á undan. Mun hækkunin verða um 500kr og gjaldið því fara úr 2500kr í 3000kr á hverja fjölskyldu, óháð nemendafjölda.

Mikil ánægja er meðal stjórnar með verkefnin á árinu, vel þótti til takast að ná settum markmiðum og þótti stjórn vel takast til að styðja við skólastarfið. Von um áframhaldandi velgengni á næsta skólaári. Þakkar stjórn FFS fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir samstarfið í gegnum árin sem þau hafa setið og hlakkar til nýrra verkefna á árinu.

Fundi slitið kl: 20:10